

Nefndarsvið alþingis
Bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald (erlendir aðilar, kílómetragjald o.fl.). Mál nr. 917 á 154. löggjafarþingi.

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp. Ráðið skilaði einnig inn umsögnum á fyrri stigum og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Markmið löggjafarinnar er að skýra betur tiltekin ákvæði í lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða. Tilfnið er einkum ýmis álitamál sem hafa komið upp við framkvæmd laganna; skýra þurfi betur ákvæði laga um kílómetragjald og taka til skoðunar að þyngja viðurlagaákvæði.

Breytingar á virðisaukaskattslögum

Með frumvarpinu er ætlunin að skýra betur ákvæði sem fjalla um sölu á vinnu og þjónustu sem veitt er erlendis, sbr. 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Við síðustu breytingu ákvæðisins var litið til alþjóðlegra leiðbeiningarreglna OECD um virðisaukaskatt í millirikjaviðskiptum, VSK tilskipun ESB og lagaumhverfis í helstu viðskiptalöndum Íslands.

Í umræddum leiðbeiningarreglum OECD og tilskipun ESB er byggt á svokallaðri fjarlægðarreglu, sem felur í sér að skattlagning í millirikjaviðskiptum skuli eiga sér stað í lögsögu þess ríkis þar sem endanleg neysla og nýting þjónustu á sér stað. Með öðrum orðum virkar fjarlægðarreglan þannig að þjónusta telst vera nýtt og þar með skattlögð þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.

Skattframkvæmd hérlendis hefur hins vegar stundum verið á skjön við fjarlægðarregluna. Í sumum tilfellum hefur verið byggt á mati skattayfirvalda á því hvort þjónusta sé seld frá Íslandi fremur en að líta til staðsetningar *kaupanda*, þ.e.a.s. hvort hann hafi heimilisfesti hér á landi eða stundi hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð. Viðskiptaráð telur fyrirhugaðar breytingar á 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt til mikilla bóta. Þær skýra hvenær skattleggja eigi þjónustu sem seld er til atvinnufyrirtækja sem hvorki hafa heimilisfesti hér á landi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð. Óskýrleiki núverandi ákvæðis sem og túlkunar Skattsins hefur leitt til þess að framkvæmd er í dag bæði ófyrirsjáanleg og í ósamræmi við fjarlægðarregluna, sem er viðhöfð í okkar helstu viðskiptalöndum.

Viðskiptaráð leggur til að breytingar á virðisaukaskattslögum nái fram að ganga og bindur vonir við að með þeim taki löggjöfin af öll tvímæli um hvenær sala til erlendra aðila sé undanþegin virðisaukaskatti. Það er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs að skattframkvæmd sé skýr, gagnsæ og fyrirsjáanleg. Hluti af því er að fjarlægðarreglan gildi með sambærilegum hætti hér og í öðrum löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ráðið vill jafnframt nýta tækifærið og hvetja til þess að heildarendurskoðun fari fram á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt svo þau endurspegli betur núverandi aðstæður í atvinnulífinu, t.d. nýjar starfsgreinar og aukin millirikjaviðskipti.

Breytingar á lögum um kílómetragjald

Lög um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða voru samþykkt á Alþingi í desember síðastliðnum. Frumvarpið var unnið í miklum flýti, sem var ein helsta gagnrýni Viðskiptaráðs, enda hefur komið í ljós skýra þurfi betur tiltekin ákvæði laganna, t.d. varðandi leiðréttingarheimildir og bifreiðar sem eru skráðar erlendis. Ráðið geldur varhug við því að viðurlög séu hert áður en reynsla er komin á framkvæmd laganna og á sama tíma og verið er að sníða af þeim ýmsa agnúa.

Þá tekur Viðskiptaráð undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Bilgreinasambandsins og Samtaka verslunar og þjónustu þar sem 11. gr. frumvarpsins fellir brott 3. mgr. 21. gr. laganna með fátæglegum og hæpnum rökstuðningi. Sérstaklega í ljósi þess að það eru örfáir mánuðir síðan löggjafinn lagði áherslu á því að þessari grein yrði bætt við lögina. Þar sem það getur verið erfitt í framkvæmd fyrir nýja eigendur að vita hvort lögveð hvíli á bifreið er mikilvægt að sá varnagli sé áfram til staðar að lögveð falli niður hafi hann ekki vitað né mátt vita um lögveðið. Ráðið telur að hætt sé við því að öryggi í viðskiptum beri skaða af þessari breytingu og vill byggja áfram á almennum reglum um traustfang í viðskiptum.

Viðskiptaráð leggur til að breytingar á lögum um virðisaukaskatt nái fram að ganga en að a-liður 11. gr. verði felldur brott.

Virðingarfyllst,



María Guðjónsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands